

Fimmtudaginn 19. febrúar 1998.

Nr. 237/1997.

Samskip hf.

(Kristinn Hallgrímsson hrl.)

gegn

Frjálsri fjölmiðlun hf.

(Ásgeir Thoroddsen hrl.)

Farmsamningur. Farmskírteini.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Markús Sigurbjörnsson, Arnljótur Björnsson og Gunnlaugur Claessen.

Áfrýjandi skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 3. júní 1997. Hann krefst þess, að stefndi verði dæmdur til að greiða sér 930.731 krónu ásamt dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 af nánar tilteknum fjárhæðum frá 1. apríl 1995 til greiðsludags. Hann krefst einnig málskostnaðar í héraði og fyrir Hæstarétti.

Stefndi krefst staðfestingar héraðsdóms og málskostnaðar fyrir Hæstarétti.

I.

Áfrýjandi hefur lagt fyrir Hæstarétt fjölmörg ný skjöl, sem stefndi hefur mótmælt sem of seint fram komnum.

Meðal nýrra gagna áfrýjanda eru ljósrít af tveimur reikningum, sem hann heldur fram, að stefndi hafi greitt árið 1995 vegna gámaleigu. Bendir áfrýjandi á í greinargerð sinni fyrir Hæstarétti, að með greiðslu þeirra hafi stefndi viðurkennt, að áfrýjandi eigi kröfu á gámaleigu þeirri, sem mál þetta er risið af. Gegn andmælum stefnda getur þessi málsástæða áfrýjanda ekki komið til álita, sbr. 2. mgr. 163. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. 17. gr. laga nr. 38/1994.

II.

Þegar atvik málsins gerðust, hafði stefndi um árabíl keypt pappír frá Noregi fyrir blað sitt, DV. Í málinu liggur fyrir samningur þessa efnis frá 10. nóvember 1994. Varðar hann kaup vegna árána 1995 til 1997. Kaupverð pappírins er tilgreint í samningnum og sagt, að varan sé seld „free delivered pressroom“. Málsaðilar eru sammála um,

að söluskilmáli þessi merki, að seljandi skuli annast og kosta flutning vörunnar að prentsmiðju.

Áfrýjandi mun hafa flutt dagblaðapappír til Íslands fyrir stefnda á árunum 1994 og 1995, en í málgögnum er ekki að finna glöggar upplýsingar um flutninga árið 1994. Umboðsmaður hins norska seljanda, Mata hf. í Reykjavík, leitaði tilboða hjá áfrýjanda í flutning vörunnar frá Noregi til Reykjavíkur. Gerði áfrýjandi Mata hf. tilboð 7. nóvember 1994 vegna flutninga á árinu 1995 og 30. nóvember 1995 vegna flutninga árið 1996. Tók Mata hf. fyrra tilboði, en hafnaði hinu síðara og samdi í þess stað við annan farmflytjanda um flutninga á árinu 1996.

Í tilboði áfrýjanda 7. nóvember 1994 kemur fram, að innifalið í farmgjaldi, sem skuli vera 470 norskar krónur á hvert tonn, sé „sjóflutningur Moss – Reykjavík, uppskipun í Reykjavík og akstur að prentsmiðju“. Einnig segir í tilboðinu, að vörugjöld greiðist eftir gjaldskrá Reykjavíkurhafnar. Engin nánari ákvæði eru í tilboðinu um greiðslur til áfrýjanda í tengslum við flutninginn, og ekki nýtur við annarra gagna um það efni.

Farmskírteini um flutninga þá, sem hér um ræðir, voru ekki lögð fram í héraði. Hins vegar eru meðal nýrra gagna, sem lögð voru fyrir Hæstarétt, ljósrit af annarri hlið nokkurra farmskírteina, en í málinu eru engar upplýsingar um flutningsskilmála, sem ætla má, að samkvæmt venju sé að finna á hinni hlið skírteinanna.

III.

Áfrýjandi krefst greiðslu á ellefu reikningum, sem hann gerði stefnda fyrir leigu á allmörgum gámum tímabilið frá 1. mars til 28. desember 1995. Að sögn áfrýjanda komu vörusendingar í gámum þessum á því ári, og átti áfrýjandi suma gámana, en aðra hafði hann á leigu. Reisir hann kröfu sína á 62. gr. siglingalaga nr. 34/1985 og heldur því fram, að stefnda beri að greiða kostnað, sem ekki sé innifalinn í farmgjaldi samkvæmt fyrrnefndum samningi, er Mata hf. gerði fyrir hönd norska seljandans á grundvelli tilboðs áfrýjanda 7. nóvember 1994. Telur hann, að af samningnum megi draga þá ályktun, að aðilar hans hafi ekki gert ráð fyrir, að í umsömdu farmgjaldi fælist endurgjald vegna kostnaðar, sem félli á vegna geymslu varanna í Reykjavík.

Áfrýjandi vísar til svohljóðandi ákvæðis í prentuðum texta tilkynninga, sem hann kveðst hafa sent stefnda fyrir affermingu skipa í Reykjavík eða síðar: „Vegna hagsmuna yðar og Samskipa leggjum vér ríka áherslu á, að þér sækið hið allra fyrsta vörur þær, sem greindar eru á framanskráðu farmskírteini ... Í þessu efni er þeirri áskorun beint til yðar: 1. Að þér kynnið yður rækilega skilmála farmskírteinisins, sem marka réttarstöðu Samskipa gagnvart yður. Áskilja Samskip sér rétt til að senda án fyrirvara nýja tilkynningu um leiðrétt flutningsgjöld og eftirkröfu. 2. Pakkhúsleiga reiknast fyrir vörusendingu, sem ekki hefur verið vitjað 7 dögum eftir komudag til Reykjavíkur. ...“

IV.

Fjármála-, rekstrar- og starfsmannastjóri stefnda kom fyrir dóm og lýsti viðskiptum stefnda og áfrýjanda og hvernig stefndi hefði hagað greiðslum fyrir vörusendingar, sem hann fékk samkvæmt kaupsamningnum frá 10. nóvember 1994. Sagði vitni þetta, að stefndi hefði aldrei komið nálægt samningum við áfrýjanda um flutning á pappír. Þeir samningar hefðu alveg verið í höndum seljanda pappírsins og umboðsmanns hans hér á landi. Vitnið bar, að þegar pappírssending hefði komið til landsins með skipi áfrýjanda, hefði hann sent stefnda tilkynningu um komu vörunnar ásamt afriti af farmskírteini. Síðan hefði stefndi greitt andvirði vörunnar í banka gegn afhendingu skjala með greiðslustimpli bankans. Því næst hefðu aðflutningsgjöld verið greidd tollstjóra „eftir núll-reikningi frá Samskipum“. Nánar skýrði vitnið auðkennd orð þannig, að reikningar, sem stefndi hefði fengið frá áfrýjanda og lagt fram við tollafgreiðslu, hefðu sýnt, að farmgjald hefði þegar verið greitt, enda hefði seljandi vörunnar goldið farmgjaldið í samræmi við kaupsamninginn 10. nóvember 1994. Þessu næst hefði stefndi framvísað hjá áfrýjanda afhendingarheimild frá tollstjóra og frumriti farmskírteinis og greitt áfrýjanda „það gjald, sem þeir setja upp hverju sinni, sem er vörugjald; þeir hafa ekki rukkað okkur um neitt annað“.

Kvittaðir reikningar fyrir greiðslu síðastnefndra gjalda hafa ekki verið lagðir fram í málinu, en áfrýjandi lagði fyrir Hæstarétt alls nítján ljósrit af tilkynningum til stefnda, þar sem greindar eru fjár-

hæðir vörugjalds og sérstaks vörugjalds. Á tveimur tilkynninganna er einnig getið fjárhæðar uppskipunargjalds. Hins vegar er á tilkynningunum hvergi getið pakkhús- eða gámaleigu, ef frá er talið hið almenna ákvæði, sem áður er vikið að og er að finna í prentuðum texta tilkynninganna. Er þó á öllum tilkynningunum sérstakur prentaður reitur fyrir geymslugjald á dag, en hann er óútfylltur.

Áfrýjandi lagði fram í Hæstarétti ljósrit af fimmtán afhendingarheimildum, út gefnum af tollstjóranum í Reykjavík. Eru flestar þeirra með greiðslustimplun banka og áfrýjanda eða vörugeymslu hans í Holtagörðum. Þær greiðslustimplanir áfrýjanda, sem læsilegar eru, bera sömu dagsetningu og bankastimplun og í sumum tilvikum greiðslustimpill tollstjóra. Þó að áfrýjandi hafi sett greiðslustimpil sinn á afhendingarheimildirnar, hefur hann hvorki lagt fram gögn, er sýni greiddar fjárhæðir, né hvaða gjöld stimplunin eigi við. Hins vegar gaf áfrýjandi ekki út reikninga þá, sem hann krefur stefnda nú um, fyrr en nokkru eftir afhendingu hverrar vörusendingar.

V.

Áfrýjandi heldur ekki fram, að aðilar hafi gert með sér sérstakt samkomulag um, að stefndi fengi afhentar vörusendingar gegn loforði um, að hann greiddi síðar áfallna gámaleigu. Þá verður ekki séð, að áfrýjandi hafi gert fyrirvara um óinnheimt gjöld, þegar hann setti greiðslustimpil á áðurnefndar afhendingarheimildir eða þegar hann afhenti einstakar vörusendingar prentsmiðju Morgunblaðsins, sem annaðist prentun dagblaðs stefnda. Er þó ljóst, að áfrýjandi hefur oft stimplað „greitt“ á afhendingarheimild tollstjóra, eftir að liðnir voru sjö dagar, sem viðtakandi farms hafði samkvæmt tilkynningu áfrýjanda til að geyma varning í vörslum hans án þess að gjalda pakkhúsleigu. Ekki hefur áfrýjandi heldur bent á, að í farmskírteinum um flutning vörusendinganna hafi verið ákvæði þess efnis, að viðtakanda farms væri skylt að greiða leigu fyrir geymslu í vöruhúsum á ákvörðunarstað eða í gámum, sbr. 62. gr. siglingalaga, en farmskírteini er grundvöllur réttarstöðu farmflytjanda og viðtakanda farms sín á milli samkvæmt 1. málslið 1. mgr. 110. gr. siglingalaga.

Þegar litið er til þess, sem nú var rakið, verður ekki talið, að

áfrýjandi hafi sýnt fram á, að hann eigi rétt til þess að krefja stefnda um hina umdeildu gámaleigu. Verður niðurstaða héraðsdóms því staðfest. Áfrýjandi verður dæmdur til að greiða málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og greinir í dómsorði.

D ó m s o r ð:

Héraðsdómur skal vera óraskaður.

Áfrýjandi, Samskip hf., greiði stefnda, Frjálsri fjölmiðlun hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur 20. mars 1997.

I.

Mál þetta, sem dómtekið var föstudaginn 28. febrúar sl., er höfðað fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur af Samskipum hf., Holtagörðum við Holtaveg, Reykjavík, með stefnu, birtri 24. apríl 1996, á hendur Frjálsri fjölmiðlun hf., Þverholti 11, Reykjavík.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefnda verði gert að greiða stefnanda 1.078.598 kr. með [náanar tilgreindum dráttarvöxtum skv. III. kafla l. nr. 25/1987], allt að frádregnum innborgunum, að fjárhæð 154.067 kr. Þá er gerð krafa um málskostnað samkvæmt fram lögðum málskostnaðarreikningi.

Dómkröfur stefnda eru þær, að hann verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og málskostnaður dæmdur úr hendi hans að mati dómsins, og beri málskostnaður dráttarvexti skv. III. kafla l. nr. 25/1987 frá 15. degi eftir dómsuppsögu til greiðsludags.

II.

Málavextir.

Málavextir eru þeir, að stefndi hafði um árabíl keypt dagblaðapappír vegna útgáfu dagblaðsins DV frá norskum framleiðanda, Norske Skog/Union í Skien í Noregi. Umboðsaðili framleiðandans hér á landi var Mata hf., Sundagörðum 10, Reykjavík. Viðskipti stefnda og erlenda framleiðandans fóru þannig fram, að stefndi lagði fram pantanir á tilteknu magni pappírs, og skyldi norskri framleiðandinn sjá um að kosta flutningana frá verksmiðjudyrum sínum að prentsmiðjudyrum stefnda. Sama tilhögun mun hafa verið viðhöfð í viðskiptum Árvakurs hf., útgáfufélags Morgunblaðsins, og hins norska framleiðanda. Þar sem DV var prentað í prentsmiðju Árvakurs hf., var pappírnum ekið þangað, og tóku starfsmenn Árvakurs þar á móti honum.

Af hálfu framleiðanda pappírsins var umboðsaðila hans, Mata hf., falið

að afla tilboða í flutninga í samræmi við framangreinda samningsskilmála, bæði vegna viðskipta hans við stefnda og Árvakur hf. Árin 1994 og 1995 hafði stefnandi, Samskip hf., flutninga þessa með höndum, en Eimskipa-félag Íslands hf. tók við þeim árið 1996, að því er varðaði stefnda.

Ágreiningur aðila lýtur að því, hvort stefnda beri að greiða stefnanda leigu á gámum fyrir biðdaga, sem eru umfram sjö daga, frá því að varan kom til landsins.

III.

Málsástæður stefnanda.

Stefnandi kveður kröfu sína studda ellefu reikningum vegna gámaleigu stefnda á tímabilinu frá mars til desember 1995. Reikningarnir séu þessir:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
388928	1. 3. 1995	1. 4. 1995	38.515
399249	28. 4. 1995	1. 5. 1995	101.768
401990	11. 5. 1995	1. 6. 1995	143.455
405168	30. 5. 1995	1. 6. 1995	183.703
410848	28. 6. 1995	1. 7. 1995	416.605
416605	28. 7. 1995	1. 8. 1995	145.075
422020	29. 8. 1995	1. 9. 1995	65.097
427669	29. 9. 1995	1. 10. 1995	25.666
433419	30. 10. 1995	1. 11. 1995	34.026
440076	29. 11. 1995	1. 12. 1995	1.917
445670	28. 12. 1995	1. 1. 1996	35.399

Inn á skuldina hafi verið greiddar eftirfarandi innborganir: 1. 11. 1995 95.424 kr. og 52.443 kr., 25. 1. 1996 3.100 kr., 27. 2. 1996 3.100 kr., og verði tekið tillit til þeirra við uppgjör kröfunnar. Eftirstöðvar skuldarinnar hafi ekki fengist greiddar þrátt fyrir innheimtutilraunir, og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Stefnandi kveðst vísa til meginreglu kröfuréttarins um efndir fjárskuldbindinga, en regla þessi fái m. a. stoð í 5., 6. og 28. gr. l. nr. 39/1922. Um gjalddaga kröfunnar vísar stefnandi einkum til meginreglu 12. gr. sömu laga.

Kröfu um dráttarvexti styður stefnandi við reglur III. kafla l. nr. 25/1987 með síðari breytingum. Krafa um málskostnað er studd við 1. mgr. 130. gr. l. nr. 91/1991. Um varnarþing vísar stefnandi til 32. gr. l. nr. 91/1991.

Við munnlegan málf lutning vísaði lögmaður stefnanda jafnframt til 61. og 62. gr. siglingalaga kröfum sínum til stuðnings. Enn fremur tók hann sérstaklega fram, að ekki væri við það miðað, að innborganir fælu í sér viður-

kenningu stefnda á skuldinni, enda væru innborganir í formi skuldajafnaðar stefnanda vegna ýmissa skulda við stefnda.

Málsástæður stefnda.

Stefndi kveður stefnanda ekki hafa krafist sérstaks endurgjalds fyrir gámaleigu árið 1994. Árið 1995 hafi stefnda hins vegar verið sendir reikningar fyrir gámaleigu, og hafi hann mótmælt réttmæti þeirra jafnharðan. Stefnandi hafi engan reka gert að frekari innheimtu þessara krafna, fyrr en eftir að tilboði Eimskipafélags Íslands hf. hafði verið tekið fyrir árið 1996 og flutningarnir því komnir úr höndum stefnanda.

Stefndi kveður Mata hf. hafa síðla árs 1995 óskað eftir tilboðum frá Eimskipafélagi Íslands hf. og stefnanda í vikulega flutninga á blaðapappír frá Fredrikstad/Moss til Reykjavíkur árið 1996. Í bréfi Mata hf. til flutningsaðilanna hafi verið tekið fram, að óskað væri eftir tilboðum í flutninga með sama fyrirkomulagi og verið hefði undanfarin ár, þ. m. t. árið 1995, sem um ræði í máli þessu. Nánar tiltekið skyldu tilboðsfjárhæðir miðast við afhendingu gáma við skipshlið í Noregi og að gámarnir yrðu fluttir að prentsmiðjudyrum í Reykjavík. Skyldi flutningsgjaldið tilgreint í norskum krónum á tonn og ná yfir allan kostnað við flutningana að undanskildu vörugjaldi í Reykjavíkurhöfn, sem kaupendur skyldu greiða. Þá hafi einnig verið óskað eftir tilboði í ofangreinda flutninga miðað við, að pappírinn yrði afhentur í gámum við verksmiðjudyr norska framleiðandans og fluttur að prentsmiðjudyrum í Reykjavík. Hafi tilboð Eimskipafélags Íslands hf. reynst nokkru hagstæðara árið 1996, og hafi því tilboði verið tekið.

Stefndi kveðst reisa sýknukröfu sína aðallega á aðildarskortí. Af atvikum málsins megi ljóst vera, að ekkert samningssamband hafi verið á milli stefnanda og stefnda í máli þessu. Af hálfu stefnda sé því haldið fram, að hinn erlendi framleiðandi hafi borið ábyrgð á flutningskostnaði að prentsmiðjudyrum, og hafi ekki stofnast réttur til handa stefnanda um greiðslu sérstaks endurgjalds úr hendi stefnda, enda hafi allur kostnaður verið innifalinn í verði hins erlenda framleiðanda. Umboðsaðili hans, Mata hf., hafi leitað tilboða og gert samning um flutning á pappírnum. Því hafi aldrei komist á samningssamband milli stefnanda og stefnda. Af framangreindum ástæðum hafi stefndi margsinnis mótmælt kröfum stefnanda um sérstakt gjald fyrir gámaleigu. Stafi mótmæli hans af því, að hann hafi engan samning gert um flutning á umræddum pappír eða um gámaleigu við stefnanda eða nokkurn annan aðila, enda hafi stefndi samkvæmt samningsskilmálum við norska framleiðandann ekkert ákvörðunarvald um val á farmflytjanda. Hafi kaupverðið, eins og fram sé komið, miðast við afhendingu pappírsins við prentsmiðjudyr hans.

Af hálfu stefnda sé því mótmælt, sem fram komi í stefnu, að hann hafi greitt inn á ætlaða skuld sína við stefnanda. Engar beinar innborganir hafi verið greiddar af hálfu stefnda til stefnanda. Þá hafi stefnandi aldrei lýst yfir skuldajöfnuði vegna viðskiptaskulda sinna gagnvart stefnda, enda hefði ekki verið fallist á slíkan skuldajöfnuð, þar sem stefndi hafi frá upphafi andmælt umstefndri kröfu stefnanda.

Verði ekki á framangreind sjónarmið fallist, styður stefndi sýknukröfu sína því, að sú viðskiptavenja hafi komist á að innheimta ekki sérstakt gjald fyrir gámaleigu hjá þeim aðilum, sem áttu í jafnumfangsmiklum viðskiptum um farmflutninga við stefnanda og um ræði í máli þessu. Eins og fram hafi komið, hafi áðurgreind umleitan Mata hf. um tilboð í flutninga á pappírnum bæði tekið til pappírs fyrir Árvakur hf., útgáfufélag Morgunblaðsins, og stefnda, útgáfufélag DV. Sú viðskiptavenja, sem áður sé tilgreind, sé staðfest af framkvæmdastjóra flutningssviðs stefnanda með bréfi til stefnda, dags. 1. 12. 1995 (dskj. nr. 19). Í því bréfi komi fram, að árið 1995 hafi Samskip hf. felld niður þjónustugjöld, að fjárhæð 2.328.744 kr., fyrir gámaleigu vegna flutninga á pappír fyrir Morgunblaðið. Flutningar stefnanda á dagblaðapappír vegna stefnda hafi ótvírætt verið umfangsmiklir líkt og flutningar á pappír fyrir Morgunblaðið. Telji stefndi fráleitt að ætla, að hann hafi að einhverju leyti notið lakari viðskiptakjara en Árvakur hf. hjá stefnanda að þessu leyti til. Í því sambandi sé rétt að hafa í huga, að stefnandi hafði með höndum flutninga á umræddum pappír vegna beggja blaðanna á grundvelli eins og sama samnings við Mata hf. f. h. hins erlenda framleiðanda. Því telji stefndi ljóst vera, að sömu viðskiptakjör hafi gilt í báðum tilvikum.

Stefndi vísar til grundvallarreglna samningaréttar svo og til 2. mgr. 16. gr. l. nr. 91/1991. Kröfu um málskostnað reisir hann á 2. mgr. 130. gr. l. nr. 91/1991 og kröfu um dráttarvexti á málskostnað á 4. mgr. 129. gr. sömu laga.

Við munnlegan málflytning mótmælti lögmaður stefnda sérstaklega biðtíma gáma fyrir utan prentsmiðju sem ósönnuðum, og auk þess varði allur hugsanlegur biðtími þar starfsmenn prentsmiðju Árvakurs og stefnanda.

IV.

Forsendur og niðurstaða.

Ekki verður ráðið af stefnu, að krafa stefnanda sé á því reist, að stefnda beri að greiða biðdaga í gámum að liðnum sjö daga fresti, sem stefnandi virðist veita farmeiganda til að taka við farmi, eftir að varan kemur til landsins, svo sem fram kom við munnlegan málflytning. Af hálfu stefnda hefur kröfugerð stefnanda þó ekki verið mótmælt sem vanreifaðri, en stefndi mótmælti hins vegar, svo sem fram er komið, þeim ætlaða biðtíma,

er stefnandi reisir kröfur sínar á, sem ósönnuðum og sér óviðkomandi. Stefnandi mótmælti því hins vegar ekki, að krafan yrði jafnframt reist á 61. og 62. gr. siglingalaga, en sú málsástæða kom einnig fyrst fram við munnlegan málflutning.

Stefnandi hefur lagt fram reikninga á dskj. nr. 3–13, sem hann reisir á kröfur sínar. Koma þar fram gámanúmer og leigutími ásamt fjárhæðum. Miðast fjárhæðir við leigutíma að frádregnum sjö frídögum.

Með hliðsjón af því, að stefndi samþykkir framangreindan máltilbúnað, og þar sem skjöl málsins skýra að nokkru leyti þessa kröfugerð stefnanda, þykja ekki efni til að vísa málinu frá dómi ex officio.

Fyrir liggur, að stefndi samdi aldrei við stefnanda, heldur var samningurinn milli stefnanda og hins norska framleiðanda, Norske Skog/Union, með milligöngu umboðsaðilans, Mata hf. Getur stefnandi því ekki stutt kröfur sínar þeim samningi eða því, að samnings samband hafi verið milli stefnanda og stefnda. Á krafa stefnanda því ekki stoð í tilvitnuðum ákvæðum l. nr. 39/1922 um lausafjárkaup.

Kemur þá til álita, hvort stefnandi geti reist kröfur sínar á 61. og 62. gr. siglingalaga nr. 34/1985.

61. gr. laganna fjallar um rétt viðtakanda farms til að skoða hann, áður en hann tekur við honum, og verður ekki séð, á hvern hátt það ákvæði veitir stefnanda kröfurétt á hendur stefnda í máli þessu.

Ákvæði 62. gr. er svohljóðandi: „Nú tekur viðtakandi við farmi, og skuldbindur hann sig þá með því til að greiða farmgjöld og aðrar kröfur, sem farmflytjandi getur krafist greiðslu á samkvæmt farmskírteini eða öðru skjali, sem segir fyrir um flutning farmsins.“

Fyrir liggur, að farmgjöld voru greidd af hinum norska framleiðanda, og er ekki ágreiningur um það. Fram kom við flutning málsins, að varan var flutt að prentsmiðju stefnda, þegar greitt hafði verið af henni vörugjald og hún verið tollafgreidd. Samkvæmt samningi farmsendanda og stefnanda skyldi stefndi taka við vörunni við prentsmiðjudyr, en fram til þess tíma var hún á ábyrgð farmsendanda. Verður stefndi því ekki krafinn um önnur gjöld á grundvelli 62. gr. siglingalaga en þau, sem kunna að hafa fallið, eftir að hann tók við vörunni, en ekki liggur fyrir, að neinn fyrirvari hafi verið gerður um innheimtu annarra gjalda, er hann greiddi vörugjaldið og varan var tollafgreidd.

EKKI liggur fyrir, hvort einhverjir hinna umkröfðu biðdaga liðu, meðan farmurinn var enn á ábyrgð farmsendanda samkvæmt samningi hans við stefnanda, eða hvort og þá um hve marga biðdaga var að ræða, eftir að farmurinn var kominn í vörslur stefnda við prentsmiðju Árvakurs hf.

Eins og mál þetta hefur verið lagt hér fyrir dóminn, er ósannað gegn andmælum stefnda, að varan hafi beðið í gámum við prentsmiðju stefnda á ábyrgð og kostnað stefnda. Ber því að sýkna hann af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma stefnanda til að greiða stefnda málskostnað, sem þykir eftir atvikum hæfilega ákveðinn 150.000 kr.

Sigríður Ólafsdóttir héraðsdómari kvað upp dóminn.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Frjáls fjölmiðlun hf., skal vera sýkn af öllum kröfum stefnanda, Samskipa hf., í máli þessu.

Stefnandi greiði stefnda 150.000 kr. í málskostnað.
